



Reglur Fjallabyggðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka

1. gr

Sveitarstjórn Fjallabyggðar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf sbr. heimild í 2.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr

Auglýst skal eftir styrkjum samkvæmt reglum þessum fyrir 1. mars ár hvert. Í auglýsingu skal tilgreina a.m.k. 14 daga umsóknarfrest.

3. gr

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem skulu liggja frammi á skrifstofu Fjallabyggðar og vera aðgengileg á vefsvæði sveitarfélagsins. Með umsóknum um styrki skal fylgja:

- a) Nýjasti ársreikningur félagsins.
- b) Lög viðkomandi félags þar sem fram koma markmið þess.
- c) Stutt greinargerð um starfsemi félagsins.

4. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Eru fasteignaeigendur í Fjallabyggð.
- b) Reka starfsemi sína í því húsnæði sem um ræðir sbr. 1.gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 5.gr.
- c) Starfa á sviði menningar-, íþróttá-, tómstunda- eða góðgerðarmála og/eða mannúðarstarfa, og eru rekin í almannabágu eða í þágu æskulýðs. Um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að mestu að vera unnin í sjálfböðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið.
- d) Eru ekki rekin í ágóðaskyni. Þó er heimilt að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins sbr. 5.gr. reglna þessara.

5. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema álögðum fasteignaskatti



Sé fasteign félags jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, skal fjárhæð styrksins ákvörðuð í réttu hlutfalli við styrkhæfa starfsemi í húsinu m.v. virka notkun þess.

Eigi félag sem uppfyllir skilyrði fyrir styrkhæfi hluta af eign, skal fjárhæð styrksins miðast við eignarhluta þess. Sé húsnæðið eða hluti þess leigt út tímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar.

6. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela skrifstofu- og fjármálastjóra fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum. Komi upp álitamál skal þeim vísað til bæjarráðs Fjallabyggðar.

7. gr.

Aðili sem fengið hefur höfnun á styrkbeiðni eða skerðingu styrkfjárhæðar getur óskað endurupptöku máls skv. 24.gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptöku skal óskað innan 14 daga frá tilkynningu um afgreiðslu umsóknar.

*Samþykkt í bæjarráði Fjallabyggðar á 106. fundi þess þann 9. október 2008.
Staðfest af bæjarstjórn á 31. fundi hennar þann 14. október 2008.*